

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 09.01 2020 kl. 11:00

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík.

Mættir: Heimir, Haukur, Þorsteinn og Hörtur sem ritaði fundargerð.

1. Skálholt/Hólar. Rætt um Skálholtskrísuna og hvað væri til ráða. Hólar eru tilbúinir til samstarfs. Fundarmenn voru sammála að staðsetning Hóla væri nokkur þröskuldur vegna þess að stjórnarmenn eru allir staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Rætt um hvort ætti að bíða þangað til Skálholt væri tilbúið. 3-4 ár. Búið er að borga Birni 200 þús. vegna vinnu við skipulags á Skálholti. Von er á reikningi frá arkitekti uppá 400 þús. Rætt um að bjóða Hólum uppá samstarf við að setja upp „prentstofu“ varanlega sýningu. Við eigum fullt af tækjum sem við getum lagt þar til. Haukur skrifar uppkast að tilkynningu/bréfi/yfirlýsingu um það mál. Ákvörðun bíður svo aðalfundar.

2. Prentsögusetur á Laugavegi. Rætt um að nú gæfist tími til að halda áfram og klára það sem þar þarf að gera, henda dóti eða fjarlægja, mála hillur o.s.frv.

3. Dagur prents- og miðlunar 17. janúar. Dagur prents og miðlunar er haldinn í sjötta sinn þann 17. janúar nk. í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Vatnagörðum 20 í Reykjavík. Eins og áður er blandað saman fræðslu og skemmtun í hæfilegu magni. Hafist verður handa kl. 15.00 með fyrirlestrum í þremur stofum. Þá opnar líka birgjagólf þar sem fyrirtæki tengd prentiðnaði sýna tæki og hráefni. Að lokinn fræðsludagskrá kl. 18.10 verður Ari Eldjárn með uppistand síðan er boðið upp á léttar veitingar með taktfastri tónlist.

Stjórnarmenn eru hvattir til að mæta

Fundi slitið kl. 12:00